

Dags eftirlits	18.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Árnason	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Ólafur Skúlason	Staðsetning	N66 04,183 V23 07,421

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar umgengni við löndunarstúta olíu og lekahelda þró á bryggju.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að olíubirgðastöð Olíudreifingar að Mávagarði, Ísafirði. Stöðin hefur leyfi til að taka á móti og geyma allt að 1510m³ af olíu í stærsta geymi og móttaka á úrgangsolíu er einnig heimil. Ekki er heimild til geymslu bensíns eða rokkgjarnra olíutegunda í stöðinni.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Skráning geyma og lagna
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar – sniðmát - Kynning
- Stjórnvaldssektir – kynning
- Notkun efna við hreinsun stranda - Kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2019 en ein ábending var sett fram er varðar efnageymslu. Strax var brugðist við þeirri ábendingu. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engin breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára og flokkast áfram í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Engar stærri breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti. Olíuhelt plan hefur verið steipt undir úrgangsolíugeymi á geymsluplani og er frárennsli á planinu tengt inn á olúskilju stöðvarinnar. Einnig er frárennsli úr geymsluskúr sem staðsettur er bak við lóð stöðvarinnar tengt inn á skiljuna. Í sumar verður gerð sú breyting að Terra umhverfisþjónusta, sem hefur verið umsjónaraðili stöðvarinnar, hættir sinni starfsemi og Olíudreifing tekur við umsjóninni. Starfsmaður stöðvarinnar, sem unnið hefur við stöðina síðustu árin mun færast yfir til Olíudreifingar og þekkingin á stöðinni mun því áfram vera til staðar.

Fjórir lóðréttir olíugeymar eru í stöðinni. Geymar nr. 1 og 2 innihalda MGO, geymir nr. 3 inniheldur AGO, geymir nr. 4 stendur tómur og geymir nr. 5 er liggjandi úrgangsolíugeymir. Allir geymar voru botnþykktarmældir árið 2021 og áframhaldandi notkun þeirra staðfest. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Fjórar lagnir voru þrýstiprófaðar í lok árs 2018 (400.50.00, 400.60.00, 400.61.00 og 400.96.00) og er næsta prófun því árið 2023. Aðrar lagnir eru ofanjarðarlagnir

innan lekavarnapróar og því ekki gerð krafa um þrýstiprófanir á 5 ára fresti. Þær voru þrýstiprófaðar árið 2013 áður en þær voru teknar í notkun.

Mælingar eru gerðar mánaðarlega á olíu frá olíuskilju með strip test og niðurstöður skráðar í rekstrardagbók. Sjálfvirkur loki er á lekavarnaprónni sem tengdur er viðvörðunarkerfi í starfsmannaaðstöðu. Tengingar og úrtök eru skoðuð mánaðarlega.

Vel er haldið utan um skráningar á mánaðarblöðum í starfsstöðinni þar sem að stöðvarstjóri kvittar fyrir eftirlit, viðhald og mælingar á mengunarvarnabúnaði.

Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru í lagi og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inn í rafrænum gagnagrunni eða útprentað í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar upp á vegg og starfsleyfið til staðar. Bent var á að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Þjálfunarnámskeið eru haldin reglulega fyrir starfsmenn birgðastöðva og skýrar verklagsreglur og námsefni er í starfsmannahandbók sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á rafrænum grunni rekstraraðila.

Öllum úrgangi er skilað til Funa sem er móttökustaður úrgangs á Ísafirði.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olíuheld þró skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Gengið var út á bryggju við stöðina og lagnir fyrir löndun olíu skoðaðar. Bent er á að huga þurfi að olía smitist ekki upp úr þró eða frá lögnunum því þróin og lagnirnar eru staðsettar mjög nærri bryggjukantinum og því hætta á að olía sem lekur á bryggjugólfið leki út í sjó. Bryggjugólfið og þró var snyrtilegt á að líta og ekki hægt að greina olíusmit í kringum stútana.

ÁBENDINGAR

Bent var á að gæta þurfi vel að því að olía berist ekki úr þró undir löndunarstútum sem staðsettir eru á bryggjunni og þess gætt að vatn komist ekki niður í þróna við þrif á bryggju.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðin um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Freyr Ævarsson UST

Reykjavík, 30.05.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir